

Ársskýrsla 2021

Samtök sjálfstæðra skóla.



Lögð fram á aðalfundi SSSK þann 28. apríl 2022



samtök sjálfstæðra skóla

SVP \ SSSK

SVP sinnir skrifstofuhaldi og annast hagsmunagæslu fyrir Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK) sem stofnuð voru árið 2005 en skólar innan SSSK gengu í SVP árið 2008. Nær allir sjálfstæðir leik- og grunnskólar landsins eru nú aðilar að samtökunum.

Á haustmánuðum hóf Ragna Vala Kjartansdóttir störf fyrir SVP. Hún sér um skrifstofu- og fræðslumál fyrir SVP og er SSSK innan handar. Ragna er mikill happafengur fyrir samtökin.

Stjórn

Stjórn SSSK var þannig skipuð á starfsárinu, að undangengnum auka-aðalfundi: Alma Guðmundsdóttir formaður og Sigríður Stephensen varaformaður, Jón Örn Valsson gjaldkeri. Meðstjórnendur voru: Atli Magnússon og Berglind Grétarsdóttir. Varamenn voru: Bóas Hallgrímsson og Íris Dögg Jóhannesdóttir.

Aðalfundur SSSK var haldinn þann 25. mars 2021 í húsi atvinnulífsins. Félagsmenn SSSK kvöddu á fundinum Söru Dögg Svanhildardóttur sem gengt hafði formennsku í samtökunum frá árinu 2018. Sara Dögg hefur verið öflugur liðsmaður samtakanna og eru henni þökkuð vel unnin og óeigngjörn störf. Ragnhildur Ásgeirsdóttir skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík var kjörin nýr formaður, ný inn í stjórn kom einnig Íris Dögg Jóhannesdóttir hjá Félagsstofun stúdenta.

Til auka-aðalfundar var boðað vegna breytinga á högum Ragnhildar Ásgeirsdóttur formanns og Katrínar Dóru Þorsteinsdóttur en þær hafa báðar látið af störfum fyrir Hjallastefnuna. Fundurinn var haldinn 1. september 2021 á Teams. Alma Guðmundsdóttir var kosin formaður stjórnar SSSK en hún er SSSK að góðu kunn og hefur setið í stjórn undanfarin ár. Í sæti Katrínar Dóru settist Bóas Hallgrímsson nýr framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Stjórn hefur fundað reglulega á starfsárinu.

Tæpt verður á því helsta í starfsemi samtakanna hér á eftir.

Samningar við sveitarfélög

Segja má að starfsárið hafi að miklu leyti borið þess merki að framundan er gerð nýrra samninga Reykjavíkurborgar, annars vegar við sjálfstæða leikskóla og hins vegar sjálfstæða grunnskóla.

Undirbúningur gerðar nýs samnings við sjálfstæða leikskóla hófst í byrjun árs 2021 og stóð fyrsti hluti viðræðna yfir fram að sumarleyfum. Borgin afhenti SSSK drög að nýjum samningi og var því svarað með eigin samningsdrögum SSSK sem að nokkru leyti grundvölluðust á dýpri skoðun á lagagrundvelli samningssambands sveitarfélaga og sjálfstæðra leikskóla. Upphaflega hafði verið stefnt að því að nýir samningar yrðu frágengnir haustið 2021 en það tókst þó ekki og því bauð skóla- og frístundasvið borgarinnar sjálfstæðum leikskólum upp á framlengingu gildandi samnings til júlí 2022. Frá þeim tíma hafa framlög til sjálfstæðra leikskóla og atriði þeim tengd einkum verið rædd í samskiptum SSSK og borgarinnar. Nokkurrar óvissu gætir um þessi atriði þar sem borgin vinnur á

sama tíma að endurskoðun reiknilíkans vegna framlaganna. Markmið SSSK í viðræðunum er skýrt; að framlög borgarinnar til sjálfstæðra leikskóla tryggi sjálfbæran rekstur þeirra m.t.t. sérstöðu þeirra. Hefur húsnæðisframlag borgarinnar verið tekið til sérstakrar umræðu enda er það upplifun margra sjálfstæðra skóla að húsnæðiskostnaður vegi óeðlilega þungt í rekstrinum.

Fjárhagsleg samskipti sveitarfélaga og sjálfstæða grunnskóla hafa sætt mikilli umræðu innan SSSK að undanfögnu. Hverfist umræðan um svokallaða Hagstofutölu en framlög sveitarfélaga til skólanna eru lögbundin og grundvallast á opinberu viðmiði, þ.e. stofni til útreiknings framlaga sem ætlað er að endurspegla rekstrarkostnað grunnskóla sveitarfélaganna. Illa hefur gengið að endurspegla þann rekstrarkostnað í starfsemi sjálfstæðra grunnskóla og hafa SSSK eytt miklu púðri í að átta sig á þeim upplýsingum sem Hagstofan byggir útreikninga sína á. Að undanfögnu hafa tveir þættir einkum þótt geta skýrt misræmið, þ.e. tímatöf sem er innbyggð í útreikningsaðferðir og mögulega vsk-endurgreiðslur sem sveitafélög njóta. Slíkar endurgreiðslur ættu reyndar einnig að hafa áhrif á forsendur framlaga sjálfstæðra leikskóla og hefur skrifstofa SVP átt samskipti við stjórnvöld í því ljósi.

Alþjóðlegt samstarf

SSSK eru aðili að The European Council of National Associations of Independent Schools, ECNAIS, www.ecnais.org. Vegna heimsfaraldrar hafa engir fundir eða ráðstefnur verið sótt á árinu.

Félagsstarf SSSK

Lítið fór fyrir félagsstarfi á starfsárinu vegna heimsfaraldurs. Árlegri ráðstefnu SSSK var frestað í annað sinn, sem og Degi skólastjórans. Af sömu ástæðu var hætt við jólafagnað en eftir mikinn aðskilnað félagsmanna átti að blása til hátíðar, njóta samvista og fagna því að tímabili Covid 19 væri liðið og betri tímar framundan, en það reyndist ekki tímabært.

Um leið og létt var á samkomutakmörkunum stóð SSSK fyrir tveimur námskeiðum. Fyrri námskeiðið var haldið þann 24. febrúar í Húsi atvinnulífsins og var um Kulnun og afleiðingar hennar. Hvernig þekkja mætti einkennin og hvort koma mætti í veg fyrir eða alla vega draga verulega úr einkennum og alvarleika sjúkdómsins. Gísli Gíslason frá Gott og gilt hélt fyrirlesturinn sem var bæði innhaldsríkur og fræðandi. Þann 4. mars tóku á móti skólastjórnendum, lögfræðingar SA og sérfræðingar í vinnurétti þær Sólveig B. Gunnarsdóttir og Mai-Britt Hjördís Briem. Námskeiðið mæltist vel fyrir og voru þátttakendur hæstánægðir. Ákveðið var að halda sambærilegt námskeið árlega, enda er um að ræða einn stærsta þátt í rekstri skóla og mikilvægt að þekkja bæði réttindi og skyldur vinnuveitenda og launþega.

Verið að vinna í skipuleggja námskeið og ráðgjöf um jafnlaunavottun á vormánuðum.

Þjónusta skrifstofu SVP o.fl.

SSSK hafa sótt ýmsa þjónustu hjá skrifstofu SVP. Að þjónustu Rögnu Völu Kjartansdóttur slepptri er einna helst að nefna að lögfræðingur samtakanna hefur tekið virkan þátt í vinnu og fundum vegna endurskoðunar þjónustusamninga sveitarfélaga og leikskóla. Þá hefur lögfræðingurinn greint lagaumhverfi sjálfstæðra skóla eftir þörfum og veitt samtökunum og einstökum skólum almenna lögfræðiráðgjöf á ýmsum sviðum. Þá hafa skrifstofa og framkvæmdastjóri SVP veitt SSSK ráðgjöf í

ýmsum samskiptum við hið opinbera á sviði hagsmunagæslu og tekið þátt í þeim eftir þörfum. Fundi á vegum SSSK eru jafnan haldnir í húsnæði í vegum SVÞ og annast skrifstofa SVÞ að meginstefnu utanumhald um þá.

Rétt er að benda á að allir skólar innan SSSK eiga rétt á þjónustu vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins í kjara- og ráðningarmálum. Flestir skólanna eru meðvitaðir um þetta og nýta sér þjónustuna með virkum hætti.

Aðalfundur SSSK 2022

Aðalfundur SSSK verður haldinn 28. apríl 2022 í Húsi atvinnulífsins.

Í framhaldi af fundinum taka samtökin á móti frambjóðendum í Reykjavík í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þar verður lögð áhersla á að auka skilning gesta á starfi og rekstri sjálfstætt starfandi skóla, sjálfstæði þeirra og sjálfbærni ásamt því að kallað verður eftir meiri fyrirsjáanleika og samvinnu.